

Reglugerð um fjárhæðir bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2021.

1. gr.

Fjárhæðir bóta samkvæmt III. og VI. kafla laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og greiðslur samkvæmt 63. gr. sömu laga, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2021:

<i>Lífeyristryggingar</i>	<i>kr. á mánuði</i>	<i>kr. á ári</i>
Ellilífeyrir, skv. 1. mgr. 23. gr.	266.033	3.192.396
Hálfur ellilífeyrir, skv. 2. mgr. 23. gr.	133.017	1.596.198
Örorkulífeyrir, skv. 4. mgr. 18. gr.	49.840	598.080
Örorkustyrkur, skv. 1. mgr. 19. gr.	36.845	442.140
Örorkustyrkur, skv. 2. mgr. 19. gr.	49.840	598.080
Barnalífeyrir, skv. 6. mgr. 20. gr.	36.845	442.140
Aldurstengd örorkuuppbót (100%), skv. 2. mgr. 21. gr.	49.840	598.080
Tekjutrygging, skv. 3. mgr. 22. gr.	159.604	1.915.248

<i>Annað</i>	<i>kr. á dag</i>	<i>kr. á mánuði</i>	<i>kr. á ári</i>
Ráðstöfunarfé, skv. 8. mgr. 48. gr.		79.859	958.308
Dagpeningar utan stofnunar, skv. 9. mgr. 48. gr.	3.879		
Fyrirframgreiðsla meðlags, skv. 1. mgr. 63. gr.		36.845	442.140

2. gr.

Fjárhæðir bóta samkvæmt lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2021:

	<i>kr. á mánuði</i>	<i>kr. á ári</i>
Mæðra- og feðralaun með tveimur börnum, skv. 2. mgr. 2. gr.	10.667	128.004
Mæðra- og feðralaun með þremur börnum		
eða fleiri, skv. 2. mgr. 2. gr.	27.733	332.796
Barnalífeyrir, skv. 1. mgr. 3. gr.	36.845	442.140
Umönnunargreiðslur (100%), skv. 1. mgr. 4. gr.	199.361	2.392.332
Makabætur og umönnunarbætur (80%), skv. 5. gr.	167.554	2.010.648
Dánarbætur, skv. 1. mgr. 6. gr.	54.881	658.572
Dánarbætur, skv. 2. mgr. 6. gr.	41.111	493.332
Endurhæfingarlífeyrir, skv. 1. mgr. 7. gr.	49.840	598.080
Heimilisuppbót, skv. 2. mgr. 8. gr.	67.225	806.700
Heimilisuppbót, skv. 3. mgr. 8. gr.	53.948	647.376
Uppbót vegna reksturs bifreiðar, skv. 2. mgr. 10. gr.	18.421	221.051

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr., sbr. 69. gr., laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 14. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2021. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1121/2019, um fjárhæðir bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2020.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. desember 2020.

Ásmundur Einar Daðason.

Gunnhildur Gunnarsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.